

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Garðabæjar.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem svo er ástatt um, sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0,2% af fasteignamatí húss og lóðar. Lágmarksgjald af hverri íbúð skal vera kr. 6 000.00 árið 1978 og það fylgja hlutfallslega almennum framreikningi fasteignamats síðar.

Hús þau, sem nota vatn til annarra en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skulu greiða vatnsskatt samkvæmt mæli eða áætlaðri notkun kr. 31.40 á hvern rúmmetra vatns árið 1978 og það verð fylgja hlutfallslega almennum framreikningi fasteignamats síðar.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmælis skal viðkomandi húseigandi greiða samkvæmt reikningi fyrir sananlegum kostnaði við verkið.

Mælaleiga skal árlega reiknast 15% af kostnaðarverði viðkomandi vatnsmælis.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0,3% af fasteignamatsverði húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.